

**Sumarið 2016**

**Leikjanámskeið**

**Skátafélags Akraness og**

**Akraneskaupstaðar**



**Námskeiðin er ætluð börnum á aldrinum 6-10 ára.  
(fædd árið 2006 - 2010)**

<b>1. námskeið:</b>	<b>13. - 16. júní (4 dagar)</b>
<b>2. námskeið:</b>	<b>20. - 24. júní (5 dagar)</b>
<b>3. námskeið:</b>	<b>27. - 1. júlí (5 dagar)</b>
<b>4. námskeið:</b>	<b>4. - 8. júlí (5 dagar)</b>
<b>5. námskeið:</b>	<b>11. - 15. júlí (5 dagar)</b>
<b>6. námskeið:</b>	<b>18. - 22. júlí (5 dagar)</b>
<b>Lokað:</b>	<b>25. - 29. júlí</b>
<b>7. námskeið:</b>	<b>2. - 5. ágúst (4 dagar)</b>
<b>8. námskeið:</b>	<b>8. - 12. ágúst (5 dagar)</b>
<b>9. námskeið:</b>	<b>15. - 19. ágúst (5 dagar)</b>

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá á námskeiðunum og engin tvö námskeið verða eins. Á námskeiðunum verður meðal annars farið í sund, ferðir um bæinn okkar, ferðir utan Akranes, farið í leiki, brjóstsykurgerð og fleira.

Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal í lok námskeiðs.

## **Innritun**

Öll skráning á námskeiðið fer eingöngu fram á netfanginu **[skraning2016@gmail.com](mailto:skraning2016@gmail.com)**.

## **Gjaldskrá námskeiðanna**

4. daga námskeið kostar 9.000 kr.

5. daga námskeið kostar 10.000 kr.

Innifalið í verðinu er öll dagskrá, rútukostnaður og eftirmiðdagshressing. Systkinaafsláttur er 10%.

Greiðslan fer fram á fyrsta degi námskeiðsins og hægt verður að greiða með greiðslukortum.

## Starfsmenn

Umsjón með námskeiðinu hafa þær Inga Þóra Lárusdóttir og Maren Leósdóttir. Inga Þóra hefur lokið öðru ári í leikskólakennaranum, unnið á leikskóla í fimm ár og einnig þjálfað sund í þrjú ár.

Maren hefur einnig lokið fyrsta ári í leikskólakennaranum, vann á leikskólanum Vallarseli í tæpt ár og þjálfar fótbolta hjá ÍA. Maren var einnig með umsjón á leikjanámskeiðinu síðasta sumar.

## Ýmsar reglur og tilmæli til foreldra/forráðamanna.

Ætlast er til að þátttakendur borði góðan morgunmat áður en þeir mæta, þar sem nestistími er ekki fyrr en í hádeginu. Þátttakendur eiga að hafa með sér góðan nestispakka fyrir hádegismat. Við hvetjum foreldra til að huga að hollu og næringarríku nesti. Ekki má koma með gos og sælgæti.

Þátttakendur verða að hafa góðan bakpoka til að taka nestið með í ferðir. Einnig eiga þátttakendur að vera með aukaföt og regnfatnað í vel merktri tösku.

Munið að merkja allan fatnað vel.

